

Nr. 25.
10.
nóvbr.

Auglýsing

um

að innkallaðir skuli allir bláir 10-króna seðlar, er Þjóðbankinn hefur gefið út og ganga manna á meðal.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að Vjer höfum allramildilegast fallizt á það, að allir hinir bláu 10-króna seðlar, er ganga manna á meðal og útgefnir eru af Þjóðbankanum í aðsetursstað Vorum Kaupmannahöfn samkvæmt allrahæstri auglýsingu Vorri 4. maí 1875, skuli frá 31. marz 1895 hætta að vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og manna á meðal, þá er það allrahæstur vilji Vor, að þeir menn, er í höndum hafa seðla þessa, skuli innan þessa frests gefa sig fram við Þjóðbankann í greindum aðsetursstað Vorum eða undirdeildir hans til þess að fá þar skipti á þeim; því að ef þeir, er í höndum hafa seðla greindrar tegundar, koma eigi fram með þá innan þess tíma, er til er settur, þá skulu seðlar þeir ógildir vera án frekari innköllunar og til einskis nýtir, svo að engin krafa verður upp frá því á þeim byggð.

Þessi Vor konunglega auglýsing skal að öðru leyti birt verða þrem sinnum samfleytt í frjetta og auglýsingablaði Berlinga og til frekari leiðbeiningar þeim, er í hlut eiga, lesin upp á kirkjufundum í sveitum á þann hátt, sem sagt er fyrir um í tilskipun 8. október 1824 1. gr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða og tjón að varast.

Gefið í aðsetursstað Vorum Kaupmannahöfn, 10. nóvember 1894.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Bekendtgørelse

Nr. 25.
10de
Novbr.

angaaende

Indkaldelse af samtlige i Omløb værende af Nationalbanken udstedte
blaa 10-Kronesedler.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Rauenborg og Oldenborg,**

Gjøre vitterligt: At da Vi allernaadigst have bifaldet, at samtlige i Omløb værende af Nationalbanken i Vor Residentsstad København i Genhold til Vor allerhøjeste Kundgørelse af 4de Maj 1875 udstedte blaa 10-Kronesedler fra 31te Marts 1895 ophøre at være lovligt Betalingsmiddel saavel til Statskassen som imellem Mand og Mand, saa er hermed Vor allerhøjeste Villie, at Ihændehaverne af bemeldte Sedler inden den nævnte Frist skulle melde sig hos Nationalbanken i bemeldte Vor Residentsstad eller dens Filialer for der at erholde fornævnte Sedler ombyttede, da de Sedler af berørte Slags, hvormed Ihændehaverne ikke melde sig inden den foreskrevne Tid, uden videre Indkaldelse skulle være døde og magtesløse og uden Kraft og Gyldighed til derefter at kunne gøre nogen Fordring.

Søvrigt bliver denne Vor allerhøjeste Bekendtgørelse at indføre 3de Gange efter hinanden i den Berlingske politiske og Anvertissementstidende og til hyderligere Efterretning for alle Bedkommende paa Landet at læse til Kirkestævne paa den i Forordningen af 8de Oktober 1824 § 1 foreskrevne Maade.

Hvorefter alle Bedkommende sig allerunderdanigst have at rette og for Stade at tage vare.

Givet i Vor Residentsstad Kjøbenhavn, den 10de November 1894.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellesmann.